

KRISTINN ÓLASON

Ritstjórnarpistill

Fimmti árgangur Glímunnar 2008 einkennist einkum af umfjöllun um hina nýju íslensku biblíuþýðingu sem út kom í fyrra. Biblíuútgáfan hlýtur að teljast til stórviðburða í íslenskri kirkju- og menningarsögu enda er um að ræða fyrstu heildstæðu útgáfu Biblíunnar á Íslandi í eitt hundr- að ár. Verkið sjálft tók tuttugu ár. Ritstjórn Glímunnar óskar aðstand- endum þýðingarinnar til hamingju með þennan áfanga.

Varla hefur farið fram hjá nokkrum manni að hin nýja þýðing hefur fengið sterk viðbrögð í íslenskum fjölmiðlum. Tímaritið Glíman stóð meðal annars fyrir málþingi í Skálholti af þessu tilefni í samvinnu við ReykjavíkurAkademiuna og Skálholtsskóla á Degi íslenskrar tungu 16.–17. nóvember 2007. Fréttir af þessum viðburði birtust á forsíðu Morgun- blaðsins mánudaginn 19. nóvember. Fyrirlestrarir sem fluttir voru í Skálholti liggja til grundvallar þeim erindum sem birt eru í þessu tímaritshefti.

Aðalerindi málþingsins flutti Guðrún Kvaran, íslenskufræðingur og formaður þýðingarnefndarinnar, en hún gerði ýtarlega grein fyrir verklagi og viðbrögðum við nýju þýðingunni. Erindið birtist hér sem fyrsta grein árgangsins undir yfirskriftinni *Nýrri biblíuþýðingu lokið*. Þá birtast greinar eftir Clarence E. Glad, Guðrúnu Þórhallsdóttur, Jón G. Friðjónsson, Jón Axel Harðarson og Kristin Ólason en þau fluttu einnig erindi á áðurnefndu málþingi. Að auki er hér birt grein eftir Sigurð Pálsson guðfræðing, *Stiklað á stóru*, þar sem hann gefur yfirlit yfir helstu þýðingarviðmið erlendra biblíufélaga og Hins íslenska biblíufélags. Þá rekur hann þýðingarvinnuna sem meðal annars var unnin á grundvelli samstarfssamnings milli Biblíufélagsins og Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Sigurður gerir grein fyrir verkferlum og bregst einnig við þeirri gagnrýni sem nýja biblíuþýðingin hefur sætt.

Clarence E. Glad nýjatestamentisfræðingur skrifar um frumtexta og félagssögu í ljósi Pálsbréfa í nýju þýðingunni. Guðrún Þórhallsdóttir íslenskufraeðingur fjallar um íslenska málhefð, femíníska málstýringu og verkefni þýðingarnefndar. Í grein sinni fjallar Jón G. Friðjónsson íslenskufraeðingur um málfar, stíl og framsetningu í nýju biblíuþýðingunni undir yfirskriftinni: „Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“ Grein Jóns Axels Harðarsonar, „Gamalt vín á nýjum belgjum“, fjallar meðal annars um þýðinguna á gríska hugtakinu *monogenes* sem talsvert hefur verið til umræðu að undanfögnu. Þá tekur hann dæmi um „réttar og rangar þýðingar“, spillingu myndmáls, breytingu á notkun tvítölu og fleirtölu og pólitíska réttþugsun. Síðasta greinin í þessum flokki er grein Kristins Ólasonar sem fjallar um þrjár ólíkar biblíuþýðingar: Vúlgötu Híerónímusar, hina þýsku *Die Bibel in gerechter Sprache* og hina nýju íslensku biblíuþýðingu.

Ljóst er að greinar þessar endurspeglar bæði jákvæð og neikvæð sjónarmið í garð nýju biblíuþýðingarinnar. Rökin í þeirri umfjöllun eru mjög ólík og ber að meta þau á þeim faglegu forsendum sem þau byggjast á. Saga biblíuþýðinga sýnir að viðbrögð af þessu tagi eru alls engin nýlunda. Það hlýtur að vera fengur að því að nokkrir íslenskir fræðimenn hafi séð ástæðu til að gera athugasemdir við eitt og annað sem betur mátti fara í þýðingarstarfinu. Slík gagnrýni sýnir að mönnum stendur ekki á sama um texta Biblíunnar.

Þar að auki geymir fimmti árgangur Glímunnar þrjár greinar í efnisflokknum *fræði*: Margrét Eggertsdóttir bókmenntafræðingur fjallar um bókmenntahefð sautjándu aldar en Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur fjallar um fyrirgefninguna í kristinni hefð og Stefán Karlsson um blessunarhugtakið í Biblíunni. Síðustu greinina í heftinu skrifar Gunnar Kristjánsson prófastur um guðfræðinginn Alister E. McGrath, prófessor í sögulegri guðfræði við Oxford-háskóla, en hann heimsótti Skálholtskóla í byrjun september sl. og hélt þar námskeið fyrir íslenska presta, guðfræðinga og guðfræðinema.

Glímunni hefur verið afar vel tekið síðustu ár og er ritstjórnin þakklát fyrir það. Í tilefni fimm ára afmælisins hefur kápunni verið breytt lítilllega, auk þess sem Grettisakademía hefur eignast eigið merki. Reynt hefur verið að halda umfangi Glímunnar sem næst 300 blaðsíðum. Að þessu sinni bíða nokkrar tilbúnar greinar sem birtast munu í sjötta árgangi 2009.